

Miðvikudaginn 28. marz 1973.

Nr. 71/1972: **Karlsefni h/f**

(Jónas A. Aðalsteinsson)

gegn

Guðmundi Jónssyni

(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur fallið frá kröfu um sjóveðrétt í b/v Karlsefni, RE 24, til tryggingar dæmdum fjárhæðum, en krefst að öðru leyti staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna.

Er mál þetta var fyrir héraðsdómi, byggði stefndi kröfur sínar á því, að um uppsagnarfrest hans skyldi fara eftir sjómannalögum og kjarasamningi.

Hér fyrir dómi hefur komið fram skipshafnarskrá b/v Karlsefnis frá 1970. Í skrá þessari segir, að um kaup og kjör stefnda í skiprúmi skuli fara „samkv. samn. viðk. stéttarfél.“ Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt samningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar frá 1. júní 1969. Hafa lögmenn aðilja lýst því, að um kaup og kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi þessum.

Gögn þau, er hér um ræðir, hefðu að réttu lagi átt að koma fyrir héraðsdómendur til úrlausnar. Þar sem gagnaöflun og málflutningi var í héraði svo áfátt, sem nú hefur verið rakið,

ber að ómerkja málsmeðferð alla þar svo og héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, greiði áfrýjanda, Karlsefni h/f, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. janúar 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. janúar s.l., hefur Guðmundur Jónsson sjómaður, Írabakka 10, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 30. október 1970, á hendur fyrirtækinu Karlsefni h/f, Reykjavík, til greiðslu á kr. 53.203.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1970 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Karlsefni, RE 24, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir hafa farið fram, en urðu árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem verið hafði háseti á b/v Karlsefni, RE 24, sem gerður er út af stefnda, var 1. marz 1970 ráðinn sem 2. stýrimaður á skipið. Stefnandi hefur ekki stýrimannsréttindi, en ástæðan til þess, að hann var ráðinn í starf þetta, var sú, að maður með réttindi fékkst ekki. Í samræmi við þetta var sótt um undanþágu fyrir stefnanda til að gegna starfa þessum, og var hún veitt með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 6. marz 1970. Í því bréfi segir, að undanþágan sé veitt „fyrst um sinn eða þar til réttindamaður er fáanlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 30. september 1970.“

Stefnandi fór síðan tvær veiðiferðir með togaranum sem 2. stýrimaður, þ. e. veiðiferð, sem stóð frá 1. marz 1970—27. marz 1970, og veiðiferð, sem stóð frá 28. marz—20. apríl 1970.

Í upphafi annarrar veiðiferðar stefnanda sem 2. stýrimanns á togaranum var Stefán Valdimarsson ráðinn á togarann. Stefán þessi var ráðinn sem háseti þennan túr. Hann hafði þá rétt lokið fyrri bekk fiskimannadeildar Stýrimannaskólans.

Stefnandi hefur haldið því fram, að skipstjórinn hafi að lokinni annarri veiðiferð hans sem 2. stýrimanns látið hann hætta fyrirvaralaust og ráðið Stefán Valdimarsson sem 2. stýrimann í hans stað. Stefnandi kveðst ekki hafa viljað una þessu og hætt á skipinu. Stefnandi telur sig eiga rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests samkvæmt sjómannaálagum og kaup- og kjarasamningum og gerir því kröfu til þriggja mánaða kaups ásamt premíu og orlofsfé. Miðar hann við tekjur þær, er hann hafði sem 2. stýrimaður á Karlsefni í nefndum veiðiferðum. Samkvæmt því sundurliðast krafa hans þannig:

Kaup, premía og fleira í þrjá mánuði	kr. 108.630.00
7% orlof	— 7.604.00
	<hr/>
	kr. 101.033.00
÷ unnið á nefndu þriggja mánaða tímabili	— 47.830.00
	<hr/>
	Kr. 53.203.00

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi verið lausráðinn sem 2. stýrimaður og að ráðning hans hafi verið háð þeim fyrirvörum, að réttindamaður fengist ekki eða að ráðuneytið ákvæði annað. Stefán Valdimarsson hafi lokið fyrri bekk fiskimannadeildar Stýrimannaskólans og þannig haft meiri réttindi en stefnandi og því hafi verið eðlilegt að láta stefnanda víkja fyrir honum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Hann sagði, að skipstjórinn, Ásgeir Gíslason, hefði ráðið sig sem stýrimann til óákveðins tíma. Ráðning þessi hefði farið fram gegnum síma.

Hann sagði, að hann hefði ekki á þessum tíma haft önnur réttindi en mótoristanámskeið, en vegna þessarar ráðningar hafi hann fengið undanþágu sem stýrimaður. Hann sagði, að það hefði ekki komið til tals, eftir að komið var úr fyrri veiðiferðinni, sem endaði 27. marz 1970, að hann hætti sem stýrimaður. Hann sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um, að komið hafi til tals, að Stefán Valdimarsson yrði ráðinn sem stýrimaður á togarann fyrr en á heimleið úr seinni veiðiferðinni, eftir því sem 1. stýrimaður hafi

sagt sér. 1. stýrimaður hefði rætt um þetta við sig á heimleið úr siglingu eftir annan túrinn.

Hann sagði, að þegar togarinn hefði komið úr síðari veiðiferðinni og legið á ytri höfninni, hafi hann farið niður og talað við skipstjóran og hafi skipstjórinn þá tjáð sér, að hann hefði lofað Stefáni Valdimarssyni að ráða hann sem 2. stýrimann, en skipstjórinn hafi sagt, að hann vissi eiginlega ekki, hvernig hann ætti að snúa sér í því. Hann sagði, að þeir hefðu ekki rætt um þetta frekar í þetta skipti. Hann sagði, að daginn eftir hefði hann hringt í skipstjóran og sagt honum, að hann ætlaði að fara einn túr til viðbótar sem stýrimaður, en þá gæti Stefán tekið við. Þá hefði skipstjórinn sagt sér, að Stefán færi sem stýrimaður í næstu ferð. Hann sagðist hafa sagt skipstjóranum, að hann tæki þetta sem uppsögn, en skipstjórinn hafi þá svarað því til, að hann mætti taka það eins og hann vildi. Hann sagði, að í þetta skipti hefði skipstjórinn boðið sér að halda áfram á skipinu sem netjamaður. Hann segir, að hann hafi tjáð skipstjóranum, er hann gerði sér þetta tilboð, að hann tæki þetta sem uppsögn og gæti ekki verið að fara sem netjamaður með öðrum stýrimanni, sem hefði ekki meiri réttindi en hann sjálfur.

Hann sagði, að sér væri kunnugt um það, að Stefán hefði á þessum tíma verið búinn að ljúka ákveðnum þætti náms til stýrimannaprófs. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um það, þegar hann var ráðinn á togarann, að hann þyrfti á undanþágu að halda, og enn fremur hafi sér verið kunnugt um skilyrði undanþáguveitingar.

Hann sagði, að hann hefði ekki verið ráðinn til einnar ferðar í einu sem stýrimaður. Hann kvaðst gera ráð fyrir því, að Ragnar Thorsteinsson hafi sótt um undanþáguna, það hafi hann ekki gert sjálfur.

Hann sagðist hafa verið staddur niður á bryggju, þegar togarinn átti að leggja af stað í næstu veiðiferð eftir veiðiferðina, sem lauk 20. apríl. Sér hefði þá verið boðið að fara með sem netjamaður á bátsmannskaupi, en hann hefði hafnað því. Í þetta skiptið hafi ekki verið lagt af stað í veiðiferðina, en daginn eftir, að því er hann minni, hafi átt að leggja af stað. Hann hafi þá einnig verið staddur niður á bryggju og hafi Stefán Valdimarsson þá ekki verið mættur og hafi sér þá verið boðin stýrimannsstaðan. Sér hafi skilizt, að ekki væri um að ræða ákveðinn túr, heldur hefði átt að ráða hann sem stýrimann um óákveðinn tíma. Hann segir, að hann hafi svarað þessu boði á þá leið, að hann færi ekki sem

stýrimaður, af því að stýrimaðurinn hefði ekki mætt, til þess svo að vera settur í land, þegar þeim sýndist. Hann kvaðst hafa getað farið í þennan túr sem stýrimaður, en hafi ekki viljað fara. Hann kvaðst á næstu tveim mánuðum frá 20. apríl 1970 ekki hafa verið í stöðugri vinnu. Hins vegar hafi hann unnið hjá eftirtöldum aðiljum og fyrir þessu kaup: H/f Eimskip, kr. 10.000.00, Ingvari og Ara, splæsingarverkstæði, kr. 20.030.00, Gísla Lóðs, kr. 13.800.00, Sjófangi h/f, kr. 3.000.00, og Vífilfelli h/f, kr. 1.000.00.

Ásgeir Gíslason, skipstjóri á b/v Karlsefni, RE 24, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að stefnandi hefði verið ráðinn sem stýrimaður til óákveðins tíma, eða til einnar ferðar í senn, og hann hefði getað tekið við sínu gamla starfi sem netjamaður, ef réttindamaður yrði ráðinn. Hann sagði, að hann teldi sig hafa getað ráðið annan mann í stað Guðmundar með svipuð réttindi, ef svo hefði viljað verkast. Hann kvað útgerðina hafa sótt um undanþágu fyrir Guðmund. Hann sagði, að Guðmundi hefði ekki verið sagt annað en að hann væri ráðinn til óákveðins tíma. Hann sagði, að áður en fyrra bekk Stýrimannaskólans var lokið um vorið, hafi Guðmundi verið gert ljóst, að Stefán Valdimarsson mundi verða ráðinn á skipið sem stýrimaður. Þetta hafi verið, áður en Stefán kom á skipið. Hann kvað Stefán hafa verið ráðinn sem háseti fyrsta túrinn vegna óánægju með að láta af stýrimannsstöðunni. Hann sagði, að Guðmundi hefði verið gert það ljóst, að Stefán mundi taka við stýrimannsstöðunni eftir þann túr. Stefán hefði síðan veikzt og Guðmundi þá verið boðið að vera stýrimaður áfram. Hafi hann verið kominn um borð, en rokið frá borði og að því er hann minni hafi Þorsteinn Jónsson farið túrinn sem stýrimaður. Hann sagði, að Þorsteinn væri réttindalaus, en hann hafi haft undanþágu. Hann kvaðst hafa tekið Stefán Valdimarsson fram yfir Guðmund, þar sem Stefán hefði lengi verið með honum til sjós og oft með undanþágu sem 2. stýrimaður.

Hann staðfesti þá frásögn Guðmundar Jónssonar, að för skipsins hefði frestast um einn dag, þá er leggja átti upp í næstu veiðiferð, eftir að Guðmundi var tilkynnt, að hann ætti að hætta sem 2. stýrimaður. Hann kvaðst ekki hafa séð betur en að stefnandi væri reiðubúinn að fara til sjós, en hann hafi einhverra hluta vegna rokið frá borði. Hann tók það fram, að stefnanda hafi alltaf boðizt sitt fyrra starf um borð. Hann sagði, að hann vissi ekki, hvort sótt hefði verið um undanþágu fyrir Stefán Valdimarsson, áður en hann veiktist, en útgerðin geri þetta vanalega og þá stundum. eftir að skipið sé farið.

Stefnandi kom síðan aftur fyrir dóminn, og var þá borin undir hann frásögn skipstjórans um það atriði, að honum hefði verið gert ljóst, áður en Stefán Valdimarsson var ráðinn á skipið, að hann ætti að hætta sem stýrimaður. Stefnandi sagði þá, að engin umræða hefði verið um þetta við sig, þegar Stefán var ráðinn á skipið, og hélt fast við sinn fyrri framburð um, hvenær honum var fyrst gert þetta ljóst.

Stefnandi byggir málalítilbúnað sinn á því, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og að hann eigi því rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti samkvæmt sjómannaöögum og kaup- og kjarasamningum. Hann hafi í það minnsta mátt við því búast að fá að halda stýrimannsstöðu sinni, þar til réttindamaður fengist. Alls sé óheimilt að láta mann með undanþágu hætta vegna annars, sem einnig þurfi undanþágu. Af hálfu stefnanda var athygli dómsins vakin á samlagningarskekkju í stefnu, en ekki farið fram á leiðréttingu hennar.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp starfi, heldur vísað til síns fyrra starfs sem netjammans. Stefnandi hafi ekki mátt vænta neins öryggis í þessu starfi samkvæmt þeim fyrirvörum, sem settir hafi verið í undanþágu ráðuneytisins. Stefnandi hafi aðeins verið ráðinn sem stýrimaður frá ferð til ferðar og því hafi mátt vísa honum til fyrra starfs fyrirvaralaust. Þá var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi neitað að vinna uppsagnarfrestinn. Því var enn haldið fram, að enda þótt stefnandi hafi öðlzt starfsréttindi sem stýrimaður, meðan hann gegndi þeirri stöðu, þá þurfi svo ekki að vera um uppsagnarfrest. Af hálfu stefnda var ekki hreyft andmælum við töluhlið málsins.

Ósannað er, að stefnandi hafi verið ráðinn II. stýrimaður til ákveðins tíma eða til ákveðinnar ferðar. Varð því að segja honum upp, ef ætlað var til þess, að hann hyrfi úr skiprúmi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963. Forsendur þess, að hann gegndi stýrimannsstöðunni áfram, sbr. leyfi ráðuneytisins frá 6. marz 1970, voru ekki brostnar, þegar skipstjóri vísaði honum til fyrra starfs. Undanþága til handa Stefáni Valdimarssyni var fengin að tilhlutan útgerðarinnar. Það var þannig á valdi stefnda að láta stefnanda halda stýrimannsstöðunni, og verður að líta svo á, að stefnandi hafi mátt treysta því að halda stöðunni, meðan forsendur voru ekki brostnar fyrir leyfi ráðuneytisins, eða þá að honum væri sagt upp með nægum fyrirvara. Ákvörðun stefnda um að færa stefnanda til fyrra starfs var því andstæð ráðningarsam-

ingi aðiljanna, og verður því að líta á hana sem ólögmeta uppsögn, eins og á stóð, enda ekkert komið fram því til styrktar, að stefnandi nyti ekki réttar til eðlilegs uppsagnarfrests sem og annarra lögkjara. Samkvæmt því á stefnandi samkvæmt 34. gr. laga nr. 67/1963 rétt á kaupri réttan uppsagnartíma, þ. e. í þrjá mánuði, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963. Það þykir ekki breyta þessari niðurstöðu, að skipstjóri bauð stefnanda stýrimannsstöðuna að nýju, þar sem þá var liðinn sá tími, sem telja verður að nota hafi mátt til afturköllunar uppsagnar, sbr. til hliðsjónar 7. gr. laga nr. 7/1936.

Krafa stefnanda hefur af hálfu stefnda ekki sætt tölulegum andmælum, og þykir því rétt að leggja hana til grundvallar, þó þannig, að vextir ákveðast 7% á ári.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00.

Dómari í máli þessu var Hrafn Bragason og meðdómendur Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Jónatan Sveinsson, cand. jur. og fyrrverandi skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Karlsefni h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 53.203.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1970 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í b/v Karlsefni, RE 24, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.